

**103. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn Tónlistarskólanum að Dalbraut 1,  
14. febrúar 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir varaformaður, Ólafur Adolfsson aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi, Jón Brynjólfur Ólafsson verkefnastjóri, Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri og Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1703194 - Starfshópur um framtíðaruppbyggingu á Jaðarsbökkum**

Kynning starfshóps um tillögu að framtíðaruppbyggingu á Jaðarsbökkum.

Um er að ræða sameiginlegan dagskrárlið bæjarráðs, skóla- og frístundaráðs, skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindaráðs sem fer fram í Tónbergi.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar starfshópnum fyrir greinargóða kynningu og afar góða og faglega vinnu sem innt hefur verið að hendi af öllum hlutaðeigandi.*

*Fyrirséð er að framvinda fyrirhugaðrar uppbyggingar á Jaðarsbökkum mun ráðast af fjárhagslegri getu sveitarfélagsins og forgangsröðun verkefna.*

**2. 1901121 - Velferðarstefna Vesturlands**

Drög að umsögn velferðarstefnu Vesturlands til umræðu á sameiginlegum dagskrárlið bæjarráðs, velferðar- og mannréttindaráðs, skóla- og frístundaráðs og skipulags- og umhverfisráðs sem fer fram í Tónbergi.

*Samþykkt að vinna áfram sameiginlega að umsögninni og leggja hana fyrir á bæjarstjórn þann 26. febrúar næstkomandi.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.**

Ragnar Sæmundsson

Gerður Jóhannsdóttir

Ólafur Adolfsson

Stefán Þ. Steindórsson

Sindri Birgisson

Jón B. Ólafsson

Sig. P. A.

Karl Jóhann Haagensen